

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1824
komudagur 4.5.2005

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. maí 2005

Tilvísun: 2005040078

Efni: Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 25. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um framangreint frumvarp. Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Hins vegar er rétt að vekja athygli á eftirfarandi sjónarmiðum vegna efnis í greinargerð með frumvarpinu:


1. Í almennum athugasemdum er vísað til þess að ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga geri ráð fyrir því að settar verði reglur um markaðstorg. Fjármálaeftirlitið áréttar að frumvarpið felur ekki í sér innleiðingu á reglum tilskipunarinnar um "markaðstorg" (MTF), nema að hluta til. Fyrirséð er að huga verður að endurskoðun þeirra reglna sem frumvarpið gerir ráð fyrir við innleiðingu tilskipunarinnar.
2. Í almennum athugasemdum segir að með frumvarpinu séu lagðar til reglur um markaði með bréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegum markaði. Frumvarpið geri ráð fyrir að komið verði skipulagi á viðskipti sem nú fara fram utan markaða. Með setningu reglna um þennan hluta markaðarins, sem nú lúti ekki sérstökum reglum, sé öryggi í starfsemi slíkra markaða betur tryggt. Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á því að eftir sem áður verður heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga utan markaða.
3. Í almennum athugasemdum er ennfremur rætt um samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem reka verðbréfamarkaði gagnvart erlendum mörkuðum betri, sem og samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja í leit að fjármagni. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að engar upplýsingar liggja fyrir um starfsemi slíkra markaða í nágrennalöndum Íslands, utan þess að getið hefur verið um AIM-verðbréfamarkaðinn í London. Vakin er athygli á því að í drögum að frumvarpi til laga um slíka starfsemi í Danmörku hefur verið gert ráð fyrir að reglur um flöggun, yfirtökuskyldu og upplýsingaskyldu gildi fullum fetum um starfsemi markaðstorga. Við innleiðingu framangreindrar tilskipunar um

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID


fjármálagerninga er nauðsynlegt, að mati Fjármálaeftirlitsins, að tekið verði til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að umræddar reglur gildi einnig um viðskipti með fjármálagerninga á íslenskum markaðstorgum. Við þá skoðun verði m.a. litið til þess hvernig löggjöf um markaðstorg verður hagað í nágrennanríkjunum.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID



Páll Gunnar Pálsson



Hlynur Jónsson